

Nr. 20-019 S 012 Blossi ÍS 225**Sekkur á Flateyri**

Skipaskr.nr.: 2836
 Smíðaður: Akureyri 2014, plast
 Útgerð: Hlunnar ehf
 Stærð: 11,78 bt.
 Mesta lengd: 11,36 m Skráð lengd: 11,35 m
 Breidd: 2,95 m Dýpt: 1,40 m
 Vél: Cummins 261 kW, 2014
 Fjöldi skipverja:



Gögn:
 Gögn RNSA

Blossi©NN

Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. janúar 2020 var línubáturinn Blossi ÍS 225 við bryggju á Flateyri.

Um kl. 23:30 féll snjóflóð úr Skollahvílft fyrir ofan bæinn og náði flóðið niður í höfnina með þeim afleiðingum að Blossi sökk ásamt fimm öðrum bátum.



Mynd 1 Myndin sýnir hvernig snjóflóðið féll í höfnina



Mynd 2 Blossi á hvolfi, nær er Eiður ÍS 26 einnig á hvolfi



Mynd 3 Blossi híður á land

Við rannsókn kom fram:

- að RNSA ákvað að skrá þetta óvenjulega atvik til að upplýsingar um það og hugsanleg afdrif Blossa væru til. Blossi hafði síðast landað 6.1.2020 og hafði gilt haffærisskírteini til 26.6.2020;
- að sögn kafara hafi báturinn að hámarki verið á 2,0-2,5 metra dýpi fljótandi á hvolfi með stefnið upp úr;
- að 640 ltr af olíu voru um borð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.